Afkomutilkynning
26. nóvember 2008

Afkoma Straums-Burðaráss fjárfestingabanka fyrstu níu mánuði ársins 2008
Eiginfjárstyrkur við erfiðar markaðsaðstæður

Vegna þróunar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og íslenska fjármálamarkaðnum frá byrjun október 2008 birtir Straumur –Burðarás fjárfestingabanki hf. ("Straumur " eða "Bankinn") einnig afkomu fyrir október 2008 og fjárhagsstöðu sína miðað við 31. október 2008, sem hluta af afkomuskýrslu sinni fyrir þriðja ársfjórðung 2008. Þetta er í samræmi við þá stefnu Straums um eins mikið gegnsæi og auðið er með því að veita hluthöfum og lánardrottnum sínum allar viðeigandi upplýsingar.

Helstu niðurstöður fyrstu níu mánuði ársins 2008

- Tap eftir skatta nam 124,7milljónum evra fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008. Tap fyrir skatta nam 164,6 milljónum evra.
- Rekstrartekjur námu 50,4 milljónum evra
- Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn, þ.e. hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknunartekjur, hækkuðu um 3,4% miðað við sama tímabil árið 2007 og námu 145,1 milljón evra.
- Tap af fjárfestingum nam 98,8 milljónum evra þar sem markaðir héldu áfram að falla.
- Rekstrarkostnaður nam 92,7 milljónum evra.
- Heildareignir 30. september 2008, námu 5,2 milljörðum evra, sem er 26,5% lækkun frá ársbyrjun.
- Virðisrýrnun nam 122,3 milljónum evra.
- Eignir í stýringu námu 1,2 milljörðum evra í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall (CAD) var sterkt þann 30. september 2008 eða 22,5%. Eiginfjárþáttur A var 20,3%.

Helstu niðurstöður þriðja ársfjórðungs 2008

- Tap eftir skatta nam 145,6 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi. Tap fyrir skatta nam 168,9 milljónum evra.
- Rekstrartap á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 31,1 milljón evra.
- Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn námu 41,3 milljónum evra.
- Tap af fjárfestingum nam 73,6 milljónum evra.
- Rekstrarkostnaður nam 30,7 milljónum evra.
- Virðisrýrnun nam 106,8 milljónum evra.

Helstu niðurstöður fyrir október 2008

- Tap eftir skatta nam 150,6 milljónum evra í október 2008. Tap fyrir skatta var 175,1 milljón evra.
- Rekstrartekjur námu 78,5 milljónum evra.
- Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn námu 11,4 milljónum evra.
- Tekjur af fjárfestingum námu 66,3 milljónum evra.
- Heildareignir námu 4,4 milljörðum evra þann 31. október 2008, sem er 0,8 milljarða evra eða 15,7% lækkun frá 30. september 2008.
- Virðisrýrnun nam 244,6 milljónum evra, vegna einstakra atburða á alþjóðlegum mörkuðum og íslenskum mörkuðum.
- Eiginfjárhlutfall (CAD) var 17,6% þann 31. október 2008. Eigið fé bankans var meira en sem nemur reglubundinni tvöfaldri lágmarksupphæð eiginfjár. Eiginfjárþáttur A var 15,6 %.
- Lausafjárstaðan er viðunandi miðað við erfiðar markaðsaðstæður. Bankinn vinnur að því að tryggja lausafjárstöðu sína til meðallangs tíma.

William Fall forstjóri Straums

„Markaðsumhverfi á fjármálamörkuðum hefur hefur einkennst af vaxandi erfiðleikum síðan í júní 2007. Fjármálakreppan jókst á þriðja ársfjórðungi 2008 og í upphafi fjórða ársfjórðungs urðum við vitni að miklu hruni, einkum á Íslandi. Í lok september og í byrjun október tók Fjármálaeftirlitið við stjórn þriggja stærstu viðskiptabankanna á Íslandi. Fyrir vikið lokaðist gjaldeyrismarkaðurinn svotil alveg. Afleiðingar þessara atburða voru þær að alþjóðasamfélagið missti trú á íslenska fjármálakerfið. Þessi þróun hefur haft neikvæð áhrif á flestar

fjármálastofnanir, þar á meðal Straum. Engu að síður þraukaði bankinn í þessu fárviðri og við erum nú í þeirri aðstöðu að geta horft fram á veginn.

Áherslan á þriðja ársfjórðungi, og einkum frá byrjun október 2008, hefur verið að draga úr efnahagsreikningi okkar og áhættu, verja eigið fé, bæta lausafjárstöðu okkar og efla tengslin við mótaðila okkar. Bankinn hefur einnig nýtt sér tækifæri til að efla frekar tekjusköpunarhæfni sína með því að ráða hluta af fyrrum starfsmönnum Teather í London til að efla stöðu Fyrirtækjasviðs og Markaðsviðskipta á breska markaðnum. Eiginfjárstaða okkar er áfram sterk með eiginfjárhlutfall 22.5%. Bankinn hefur sambankalán á gjalddaga í desember endurfjármögnun er á lokastigi.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður er ég þess fullviss að endurskoðun viðskiptalíkans Straums og sterk eiginfjárstaða bankans geri bankanum kleift að þróa viðskipti sín í samræmi við yfirlýsta stefnu sína sem er áhersla á tekjur af þjónustu við viðskiptamenn, dreifa tekjuleiðum og draga úr áhættu á efnahagsreikningi.“

Lykiltölur

€ m	10m 2008	9m 2008	9m 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008
Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn*	156,5	145,1	140,3	11,4	41,3	49,8	53,9
Rekstrartekjur	128,8	50,4	273,5	78,5	(31,1)	15,3	66,2
Rekstrarkostnaður	(101,8)	(92,7)	(72,2)	(9,0)	(30,7)	(26,9)	(35,1)
Virðisrýrnun	(366,8)	(122,3)	(11,6)	(244,6)	(106,8)	(8,0)	(7,4)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(339,8)	(164,6)	189,6	(175,1)	(168,9)	(20,2)	24,4
Hagnaður (tap) á tímabilinu	(275,3)	(124,7)	163,5	(150,6)	(145,6)	(1,4)	22,3
Eiginfjárhlutfall (CAD) %	17,6	22,5	28,7				
Eiginfjárþáttur A	15,6	20,3	26,3				

*Samtala hreinna vaxtatekna og hreinna þóknunartekna

Nánari upplýsingar veita:

Stephen Jack
Fjármálastjóri
stephen.jack@straumur.com
+44 7885 997570

Georg Andersen
Forstöðumaður Samskipta og markaðssviðs
georg.andersen@straumur.com
+354 858 6707

Rekstrarreikningur

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 08	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007*	Q3 2007*
Hreinar vaxtatekjur	64,6	61,9	45,8	2,7	14,8	23,9	23,2	23,0	26,3
Hreinar þóknunartekjur	91,8	83,2	94,5	8,7	26,5	25,9	30,8	36,8	21,3
Hreinar gengistekjur	(32,5)	(98,8)	115,8	66,3	(73,6)	(36,0)	10,9	(4,4)	(31,8)
Aðrar tekjur	4,9	4,1	17,4	0,8	1,2	1,5	1,4	1,1	17,0
Rekstrartekjur	**128,8**	**50,4**	**273,5**	**78,5**	**(31,1)**	**15,3**	**66,2**	**56,5**	**32,8**
Laun og launatengd gjöld	(54,8)	(49,1)	(42,1)	(5,7)	(14,1)	(15,2)	(19,8)	(23,2)	(22,5)
Annar rekstrarkostnaður	(47,0)	(43,6)	(30,1)	(3,4)	(16,6)	(11,7)	(15,3)	(23,5)	(7,4)
Rekstrarkostnaður	**(101,8)**	**(92,7)**	**(72,2)**	**(9,0)**	**(30,7)**	**(26,9)**	**(35,1)**	**(46,7)**	**(29,9)**
Virðisrýrnun	(366,8)	(122,3)	(11,6)	(244,6)	(106,8)	(8,0)	(7,4)	(8,5)	(4,3)
Hagnaður (tap) fyrir skatt	**(339,8)**	**(164,6)**	**189,6**	**(175,1)**	**(168,9)**	**(20,2)**	**24,4**	**1,4**	**(1,4)**
Skattaafsláttur(gjöld)	64,5	39,9	(26,0)	24,6	23,4	18,7	(2,2)	(2,0)	1,6
Hagnaður (tap)	**(275,3)**	**(124,7)**	**163,5**	**(150,6)**	**(145,6)**	**(1,4)**	**22,3**	**(0,6)**	**0,2**
Hagnaður hluthafa	(281,7)	(130,7)	157,0	(151,1)	(149,0)	(2,8)	21,1	1,3	1,8
Hlutdeild minnihluta	6,4	6,0	6,5	0,5	3,4	1,4	1,2	(1,9)	(1,6)
Hagnaður á hlut (evrur)	(0,028)	(0,013)	0,017		(0,015)	0,00	0,002	0,00	0,00

*eQ varð hluti af samstæðunni í 2007 og Wood í október 2007.

Hagnaður

Tap Straums fyrir skatta var 164,6 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 189,6 milljónir evra í hagnað fyrir skatta á sama tímabili árið 2007. Tap eftir skatta nam 124,7 milljónum evra á móti 163,5 milljónum evra í hagnað. Tap hluthafa á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 nam 130,7 milljónum evra og tap á hlut 0,013 evrur.

Á þriðja ársfjórðungi 2008 nam tap bankans fyrir skatta 168,9 milljónum evra, samanborið við 20,2 milljóna evra tap fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi 2008. Tap eftir skatta nam 145,6 milljónum evra, samanborið við 1,4 milljóna evra tap eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2008. Tapið á þriðja ársfjórðungi endurspeglar tap á viðskiptum, gangvirði og gjaldeyrisviðskiptum, sem og mikla virðisrýrnun á tímabilinu.

Í október 2008 var tap bankans 175,1 milljón evra fyrir skatta og tap eftir skatta nam 150,6 milljónum evra. Afkoma þessa mánaðar endurspeglar aukna kreppu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og einstaka atburðarás á íslenskum fjármálamörkuðum þar sem virðisrýrnun nemur 244,6 milljónum evra.

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur námu 50,4 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 samanborið við 273,5 milljónir evra á sama tímabili 2007. Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn námu 145,1 milljón evra á tímabilinu og höfðu aukist um 3,4% samanborið við sama tímabil 2007. Á þriðja ársfjórðungi 2008 námu rekstrartekjur - 31,1 milljón evra, samanborið við 15,3 milljóna evra rekstrartekjur á öðrum ársfjórðungi ársins. Tekjur af þjónustu við viðskiptamenn héldust þrátt fyrir fjármálaólguna og námu alls 41,3 milljónum evra, sem er meira en nam rekstrarkostnaði. Í október 2008 námu rekstrartekjur 78,5 milljónum evra, þ.e. 66,3 milljónir hreinn gengishagnaður.

Hreinar vaxtatekjur námu 61,9 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 45,8 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2007. Hækkunin stafar af aukningu á vaxtaberandi eignum þar sem hreinar vaxtatekjur hafa aukist mest á hinum Norðurlöndunum. Á þriðja ársfjórðungi 2008 voru hreinar vaxtatekjur 14,8 milljónir evra, samanborið við 23 milljónir evra á fyrri ársfjórðungum. Vaxtaberandi eignir hafa minnkað á árinu og fjármögnunarkostnaður aukist. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu hreinna vaxtatekna eftir landsvæðum.

Hreinar vaxtatekjur

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9m 2007	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008
Ísland	23,4	23,1	33,0	5,6	5,8	11,7
Önnur Norðurlönd	17,3	17,1	4,8	5,4	5,3	6,4
Bretland	8,5	9,6	2,8	2,8	4,3	2,5
Mið-Austur Evrópa	1,8	1,6	-	0,9	0,3	0,4
Önnur lönd	13,7	10,5	5,3	0,1	8,3	2,1
Samtals	64,6	61,9	45,8	14,8	23,9	23,2

Hreinar þóknunartekjur námu 83,2 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 94,5 milljónir evra á sama tímabili árið 2007. Afkoman endurspeglar lægri þóknunartekjur starfssvæða Straums vegna erfiðra markaðsaðstæðna. Á þriðja ársfjórðungi 2008 námu hreinar þóknunartekjur 26,5 milljónum evra, sem er góður árangur miðað við sumarmánuðina og ástand markaðanna. Eftirfarandi töflur sýna skiptingu hreinna þóknunartekna eftir tegund og landsvæðum.

Hreinar þóknunartekjur eftir tegund

	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008
Eignastýring	4,8	4,6	3,4	1,2	2,0	1,4
Sölutryggingar	18,1	17,5	14,5	1,5	6,9	9,1
Fyrirtækjaráðgjöf	32,2	38,9	46,4	16,5	9,8	12,6
Verðbréfamiðlun	36,7	22,2	30,1	7,3	7,3	7,6
Samtals	91,8	83,2	94,5	26,5	25,9	30,8

Hreinar þóknunartekjur eftir landsvæðum

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008
Ísland	18,7	13,6	43,2	3,8	7,7	2,1
Önnur Norðurlönd	38,0	33,8	37,1	9,5	10,9	13,4
Bretland	18,1	18,2	13,0	8,0	2,0	8,2
Mið-Austur Evrópa	16,2	16,8	1,2	5,0	5,7	6,1
Önnur lönd	0,7	0,7	-	0,1	(0,3)	0,9
Samtals	91,8	83,2	94,5	26,5	25,9	30,8

Gengishagnaður var neikvæður um 98,8 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 115,8 milljóna evra hagnað á sama tímabili árið 2007. Gengistap á þriðja ársfjórðungi nam 73,6 milljónum evra, samanborið við 36,0 milljóna evra tap á öðrum ársfjórðungi. Þrátt fyrir að Straumur hafði þegar gert ráðstafanir til að draga úr viðskiptasafni sínu á fyrri helmingi ársins, hélt bankinn áfram að tapa á mörgum hlutfallslega bundnum stöðum og á fjárfestingum sínum þar sem verð hlutabréfa og skuldabréfa á markaði féll á ársfjórðungnum. Allmargar fjáreignir á gangvirði voru niðurfærðar á ársfjórðungnum í samræmi við markaðshreyfingar. Eftirfarandi töflur sýna skiptingu gengishagnaðar eftir tegund og landsvæðum.

Gengishagnaður eftir tegund

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008
Arður	2,9	2,6	29,4	-	2,5	0,1
Veltuhagnaður (tap)	(13,2)	(48,7)	87,7	(23,9)	(16,4)	(8,4)
Hagnaður á gangvirði (tap)	(72,7)	(42,9)	12,9	(23,5)	(24,1)	4,7
Tiltækt til sölu (tap)	(44.2)					
Hreinn gjaldeyrishagnaður (tap)	94,8	(9,8)	(14,1)	(26,3)	2,0	14,5
Samtals	(32,5)	(98,8)	115,8	(73,6)	(36,0)	10,9

Gengishagnaður eftir landsvæðum

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008
Ísland	143,3	(4,9)	20,0	(6,6)	(4,2)	5,9
Önnur Norðurlönd	(34,1)	(29,5)	58,3	(23,1)	(13,9)	7,5
Bretland	(46.0)	(33,6)	0,2	(21,1)	2,3	(14,8)
Mið-Austur Evrópa	(51,8)	(27,7)	40,8	(24.4)	(13,2)	9,9
Önnur lönd	(43,8)	(3,0)	(3,4)	1,5	(6,8)	2,3
Samtals	(32,5)	(98,8)	115,8	(73,6)	(36,0)	10,9

Í október 2008 hagnaðist Straumur um 99,5 milljónir evra vegna bakfærslu á áður uppsöfnuðu tapi á afleiðusamningum, öðrum en ISDA, við banka sem nú hafa verið yfirteknir á Íslandi. Að auki, vegna þess að gjaldeyrismarkaður var í raun lokaður á Íslandi, var Straumur ófær um að verjast umtalsverðri skortstöðu í ISK sem varð einkum til vegna meðferðar á framangreindum afleiðusamningum og bókfærði því 94,8 milljóna evra hagnað. Tap af viðskiptum, fjárfestingum og fjáreignum til sölu nam 138,1 milljón evra í mánuðinum.

Aðrar tekjur námu 1,2 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi 2008 og tengjast þær aðallega útseldri tölvuþjónustu á vegum eQ.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður bankans nam 92,7 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 72,2 milljónir evra á sama tímabili 2007. Hækkunin endurspeglar aukinn umsvif bankans á árinu 2008. Rekstrarkostnaður á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 30,7 milljónum evra.

Laun og launatengd gjöld námu 49,1 milljón evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 42,1 milljón evra á sama tímabili 2007. Þessi aukning milli ára er einkum vegna umtalsverðrar fækkunar í starfsliði. Annar rekstrarkostnaður var 43,6 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 30,1 milljón evra á sama tímabili 2007. Á þriðja ársfjórðungi námu laun og launatengd gjöld 14,1 milljón evra en voru 15,2 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi, en annar rekstrarkostnaður nam alls 16,6 milljónum evra, samanborið við 11,7 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2008. Hærri stjórnunarkostnaður tengist húsnæði í London vegna flutninga og fjárfestinga í upplýsingatækni í London.

Virðisrýrnun

Virðisrýrnun nam 122,3 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 11,6 milljónir evra á sama tímabili 2007. Rýrnunartap útlána á þriðja ársfjórðungi 2008 var 106,8 milljónir evra, sem er umtalsverð aukning frá fyrra ársfjórðungi en þá var rýrnunin 8,0 milljónir evra. Þessi virðisrýrnun endurspeglar frekari samdrátt á lánamörkuðum á ársfjórðungnum. Virðisrýrnun í október var alls 244,6 milljónir evra. Virðisrýrnun í september innifelur 35,4 milljónir evra ráðstafaðar gegn veði hjá Lehman Brothers sem hluta af lykilmiðlunarsamningi og er nú krafa. Samanlögð virðisrýrnun lána til aðila sem tengjast yfirteknu bönkunum eða lánum sem tryggð voru með hlutabréfum í þeim nemur 135,3 milljónum evra. Straumur átti margar eignir, skuldir og afleiðureikninga í Landsbankanum hf, Glitni hf, og Kaupþingi Banka hf, þegar Fjármálaeftirlitið yfirtók rekstur þessara banka. Straumur telur að eftir uppgjör og skuldajöfnun muni hrein áhrif á eiginfjárstöðu bankans vera jákvæð.

Skattar

Tekjuskattur bankans á fyrstu níu mánuðum ársins var jákvæður um 39,9 milljónir evra og jákvæður um 23,4 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi ársins 2008. Jákvæður tekjuskattur á þriðja ársfjórðungi tengist rekstrartapi á fyrstu níu mánuðum ársins 2008.

Efnahagsreikningur

€ m	31.10.08	30.09.08	31.12.07		31.10.08	30.09.08	31.12.07
Handbært fé	650,1	592,5	1,427,2	Veltufjárskuldir	85,8	231,1	101,8
Veltufjáreignir	167,0	252,8	1,056,4	Innlán frá lánastofnunum	35,1	51,3	34,5
Veðsettar eignir	124,7	184,3	211,9	Innlán frá viðskiptamönnum	694,9	780,7	1,233,7
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	686,3	1,020,2	923,9	Lántaka	1,832,8	2,394,0	3,778,5
Útlán	1,520,7	1,842,6	2,411,3	Víkjandi lán	83,7	92,0	113,6
Fjáreignir til sölu	200,2	309,5	339,0	Tekjuskattur til greiðslu	3,7	3,6	26,8
Fjárfesting í tengdum félögum	7,2	7,4	11,1	Tekjuskattsskuldbinding	0,9	0,9	2,4
Rekstrarfjármunir	23,6	23,7	21,7	Aðrar skuldir	511,8	344,8	277,0
Eignir til sölu	68,0	66,4	-	**Samtals skuldir**	**3,248,7**	**3,898,6**	**5,568,4**
Óefnislegar eignir	499,0	498,9	500,7				
Tekjuskattsinneign	57,3	32.5	0,5	Eigið fé hluthafa	1,157,7	1,330,5	1,557,9
Aðrar eignir	417,9	413,5	233,2	Hlutdeild minnihluta	15,6	15,2	10,6
				Eigið fé	**1,173,2**	**1,345,7**	**1,568,5**
Eignir	**4,421,9**	**5,244,2**	**7,136,9**	**Skuldir og eigið fé**	**4,421,9**	**5,244,2**	**7,136,9**

Eignir

Eignir bankans í lok þriðja ársfjórðungs 2008 námu 5.244,2 milljónum evra, samanborið við 7,136,9 milljónir evra í árslok 2007. Straumur hefur lagt mesta áherslu á að draga úr efnahagsreikningi og áhættu frá júní 2007. Þar að auki minnkaði aukin fjármálakreppa á þriðja ársfjórðungi efnahagsreikning Straums og hafði neikvæð áhrif á eiginfjárstöðu með minnkandi eignaverðmæti. 31. október, 2008, nam efnahagsreikningur 4,421,9 milljónum evra. Þótt þáttur íslenska hluta viðskiptanna sé hlutfallslega lítill og nemur aðeins 26,4% eigna miðað við 30. september, 2008, hefur hann einkum orðið fyrir neikvæðum áhrifum nýlegra atburða á markaðnum, einkum hvað varðar fjáreignir og útlán.

Handbært fé nam 592,5 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 1,427,2 milljónir evra í upphafi ársins og 892,0 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs 2008. Hreint útstreymi handbærs fjár á tímabilinu endurspeglar minnkun á innlánum í bankann.

Veltufjáreignir og veðsettar eignir (í raun veltufjáreignir fjármagnaðar með endurhverfum samningum) námu samtals 437,1 milljón evra miðað við 30. september 2008, samanborið við 1.268,3 milljónir evra í árslok 2007. Lækkunin tengist minnkun á viðskiptaáhættu á tímabilinu, og í minna mæli, lækkun á verðmæti fjáreigna. Skuldagerningum fjármögnuðum með endurkaupasamningum fækkaði um 379,6 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2008. Samsvarandi heildarstaða 31. október var 291,7 milljónir evra.

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði voru 1.020,2 milljónir evra 30. september, 2008, samanborið við 923,9 milljónir evra í árslok 2007 Skuldabréfastaða hækkaði um 210 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi vegna fjármögnunaraðgerða, jöfnun á áhættu og lokun fjölda staða. Þessar eignir voru færðar hjá bönkunum sem nú hafa verið yfirteknir og hafa verið jafnaðar á efnahagsreikningi á móti skuldum við sömu banka á efnahagsreikningi 31. október.

Skráð hlutabréf sem eru færð til bókar sem veltufjáreignir, veðsettar eignir, fjáreignir tilgreindar á gangvirði og fjáreignir til sölu, voru alls að verðmæti 324 milljónir evra miðað við 30. september, 2008, eða um 34,5% af eiginfjárgrunni bankans. Í ársbyrjun 2008 var verðmæti skráðra hlutabréfa 480 milljónir evra, eða 41% af eiginfjárgrunni. 31. október voru skráð hlutabréf að verðmæti 212 milljónir evra og eftirfarandi tafla sýnir fimm stærstu stöður bankans í þeim:

Skráð *milljónir evra*

Röð	Fyrirtæki	Fjárhæð	Land	Atvinnugrein
1	Netia	84	Pólland	Margvísleg fjarskiptaþjónusta
2	WOOD & Co. CEE Fund	22	Hnattrænt	Margvísleg fjármálaþjónusta
3	Hungarian Telephone & Cable	13	Ungverjaland	Margvísleg fjarskiptaþjónusta
4	xG Technology Inc.	4	Bandaríkin	Þráðlaus fjarskiptaþjónusta
5	Amer Sports	4	Finnland	Tómstundabúnaður og vörur

Óskráð hlutabréf í lok tímabilsins voru alls að verðmæti 596 milljónir evra, eða 63,5% af eiginfjárgrunni bankans. Um er að ræða hækkun frá byrjun ársins þegar óskráð hlutabréf voru alls að verðmæti 415 millljónir evra, eða 35,1% af eiginfjárgrunni. Aukningin er einkum vegna aukinnar eignar í Play á öðrum ársfjórðungi 2008. Play er sjálfstætt 3G

símaþjónustufyrirtæki í Póllandi sem stefnir á sterka stöðu á farsímamarkaði í Póllandi og býður samkeppnishæfa aðstöðu með nýrri breiðbandsþjónustu fyrir farsíma. 31. október voru óskráð hlutabréf að verðmæti 549 milljónir evra og eftirfarandi tafla sýnir fimm stærstu stöður bankans í þeim:

Óskráð *€ m*

Röð	Fyrirtæki	Fjárhæð	Land	Atvinnugrein
1	Play (áður P4)	274	Pólland	Þráðlaus fjarskiptaþjónusta
2	Actavis Pharma Holding 1	80	Hnattrænt	Lyfjafyrirtæki
3	XLF Holdings	56	Frakkland	Flugfélag
4	Julia Capital Management	30	Hnattrænt	Margvísleg fjármálaþjónusta
5	Boreas Capital Fund	24	Hnattrænt	Margvísleg fjármálaþjónusta

Útlán námu 1,842,6 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs 2008, samanborið við 2,411,3 í árslok 2007. Lækkunin frá ársbyrjun 2008 er einkum vegna uppskiptingu bankans á fyrirtækjalánasjóðnum Alpstar á fyrsta ársfjórðungi 2008, þegar hlutur bankans í dótturfyrirtækinu fór niður fyrir 50% og leiddi til þess að útlánasafnið minnkaði um 576 milljónir evra. 30. september hafði lánasafnið minnkað um 6,6% frá 30. júní, 2008, þegar heildarverðmæti þess var 1,973,7 milljónir evra. Í október 2008 minnkaði útlánasafnið enn frekar um 17,5% og nam alls 1,520,7 milljónum evra miðað við 31. október, 2008, einkum vegna aukinnar virðisrýrnunar en einnig vegna sölu á tilteknum eignum. Nánar er fjallað um virðisrýrnun í rekstrarreikningi á síðu 5.

Fjáreignir til sölu voru 309,5 milljónir evra miðað við 30. september, samanborið við 339,0 milljónir evra í árslok 2007. Miðað við 31. október 2008, nema fjáreignir til sölu alls 200,2 milljónum evra. Stöður við yfirteknu bankana voru jafnaðar og fjárfestingin í hlutabréfum í Landsbankanum var afskrifuð að fullu í október 2008.

Fjáreignir til sölu fela í sér fjárfestingar sem áætlað er að selja á næstu 12 mánuðum.

Óefnislegar eignir námu 498,9 milljónum evra í lok tímabilsins, sem er nær engin breyting frá árslokum 2007.

Skuldir og eigið fé

Veltufjárskuldir námu alls 231,1 milljón evra í lok tímabilsins, samanborið við 101,8 milljón evra í ársbyrjun. Þar af eru um 22,1 milljón evra vegna viðskiptaskulda og 209,0 milljón vegna afleiðna.

Innlán námu 832,0 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs 2008, samanborið við 1.268,3 í ársbyrjun og 1.119,0 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs 2008. 31. október, 2008, námu innlán 730,1 milljón evra. Hlutfall innlána stofnana, fyrirtækja og banka á Íslandi hefur minnkað frá hálfsársuppgjörinu og einkum frá byrjun september.

Lántökur námu 2,394,0 milljónum evra í lok tímabilsins, og lækka úr 3,778,5 milljónum evra í ársbyrjun. Heildarlántökur námu 1,832,8 milljónum evra 31. október 2008. Lántökur ná til langtíma og skammtíma lána í bönkum, yfirdrátta og fjármögnunar með endurkaupasamningum. Lækkunin tengist að mestu minnkun á fjármögnun með endurkaupasamningum í samræmi við lækkandi viðskiptastöður.

Víkjandi lán námu 92,0 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 113,6 milljónir evra í ársbyrjun, og endurspeglar lækkunin lágt gengi íslensku krónunnar.

Aðrar skuldir, ásamt tekjuskatti til greiðslu og tekjuskattsskuldbindingu námu 349,4 milljónum evra í lok tímabilsins, samanborið við 306,2 milljónir evra í ársbyrjun. Tekjuskattur lækkaði úr 18,7 milljónum evra í lok annars ársfjórðungs 2008 í 4,6 milljónir evra í lok þriðja ársfjórðungs 2008 sem uppsafnað tap á móti fyrri skuldum.

Eigið fé nam 1,345,7 milljónum evra í lok þriðja ársfjórðungs, samanborið við 1,568,5 milljónir evra í árslok 2007. Eigið fé hluthafa nam 1,330,5 milljónum evra í lok tímabilsins, en var 1,557,9 milljónir evra í árslok 2007.

Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD reglum var 22,5% í lok september 2008, en var 23,7% í árslok 2007. Eiginfjárþáttur A var 20,3%, samanborið við 21,4% í árslok 2007. Bankinn hefur reiknað eiginfjárstöðu sína miðað við 31.október, 2008, með hliðsjón af fjárhagslegum áhrifum hagnaðar og taps á veltu, breytinga á gangvirði, gjaldeyrisstöðu og virðisrýrnunar vegna atburða á heimsmörkuðum og íslenskum mörkuðum. 31.október, 2008, var eiginfjárhlutfall (CAD) 17,6% og eiginfjárþáttur A

var 15,6%, sem er enn mjög sterk staða. Með leiðréttingu fyrir umtalsverða eiginfjárkröfu í tengslum við óáhættuvarðar stöður, var “jafnað” eiginfjárhlutfall bankans, byggt á gjaldeyrisþörf 30. september, 19,2%..

Rekstrarafkoma tekjusviða

Straumur skiptir rekstri sínum í sjö tekjusvið. Tekjusviðin eru: Fyrirtækjasvið, Lánasvið, Markaðsviðskipti, Eigin viðskipti, Eignastýring, Fjárfestingarsvið og Fjárstýring.

Afkoma tekjusviðanna fyrstu níu mánuði ársins 2008 var sem hér segir:

Milljónir evra	Fyrirtækja-svið	Lánasvið	Markaðs-viðskipti	Eigin viðskipti	Eignastýring	Fjárfesting a-svið	Fjárstýring	Annað	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	(2,0)	27,6	(11,6)	3,7	4,1	(10,0)	50,2	(0,1)	61,9
Hreinar þóknunartekjur	39,9	17,5	24,7	(2,6)	4,6	-	(1,0)	0,1	83,2
Gengishagnaður	(7,6)	(6,5)	1,1	(46,8)	-	(34,7)	(4,8)	0,5	(98,8)
Aðrar tekjur	0,1	-	0,3	-	(0,1)	0,3	0,3	3,2	4,1
Rekstrartekjur	**30,5**	**38,6**	**14,4**	**(45,7)**	**8,6**	**(44,3)**	**44,6**	**3,7**	**50,4**
Rekstrarkostnaður	(18,4)	(10,7)	(27,7)	(8,5)	(11,0)	(1,5)	(6,5)	(8,5)	(92,7)
Virðisrýrnun	-	(81,8)	(5,0)	-	-	-	-	(35,4)	(122,3)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**12,0**	**(53,9)**	**(18,2)**	**(54,2)**	**(2,4)**	**(45,8)**	**38,2**	**(40,3)**	**(164,6)**

Fyrirtækjasvið

Tekjusviðið skilaði 12,0 milljóna evra hagnaði fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 32,8 milljóna evra hagnað á sama tímabili 2007. Rekstrartekjur námu alls 30,5 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, en voru 53,7 milljónir evra á sama tímabili 2007. Afkoman endurspeglar erfiðari markaðsaðstæður á sumum starfssvæðum Straums á árinu 2008, þar sem þóknunartekjur voru umtalsvert minni en ætlað var í byrjun ársins, og aukið gengistap.

Hagnaður tekjusviðsins var 0,5 milljónir evra á þriðja ársfjórðungi 2008, samanborið við að reksturinn kom út á sléttu á öðrum ársfjórðungi. Rekstrartekjur námu 7,4 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 5,4 milljónir evra á öðrum ársfjórðungi 2008. Hreinar þóknunartekjur voru óvenju háar á þriðja ársfjórðungi 2008, samanborið við fyrri ársfjórðunga, eða 16,9 milljónir evra, sem endurspeglar miklar þóknunartekjur á Bretlandi á ársfjórðungnum. Hreint gengistap, 9,0 milljónir evra, skýrist af niðurfærslu á verðmæti tiltekinna fjáreigna sem tilheyra fyrirtækjasviði.

Fyrirtækjasvið-afkoma

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	(1,7)	(2,0)	(3,3)	0,3	(0,7)	(3,8)	2,5	(0,4)	2,7
Hreinar þóknunartekjur	42,2	39,9	47,8	2,3	16,9	10,0	13,0	20,8	6,3
Gengishagnaður	(15,1)	(7,6)	(6,7)	(7,4)	(9,0)	(0,7)	2,1	2,0	(16,4)
Aðrar tekjur	0,1	0,1	16,0	-	-	-	0,1	0,1	16,0
Rekstrartekjur	**25,6**	**30,5**	**53,7**	**(4,9)**	**7,4**	**5,4**	**17,7**	**22,6**	**8,6**
Rekstrarkostnaður	(20,6)	(18,4)	(18,7)	(2,2)	(6,9)	(5,4)	(6,1)	(16,0)	(7,7)
Virðisrýrnun		-	(2,1)		-	-	-	0,5	(0,9)
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	-	-		-	-	-	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**4,9**	**12,0**	**32,8**	**(7,1)**	**0,5**	**0,0**	**11,6**	**7,2**	**0,0**

Lánasvið

Tap lánasviðsins fyrir skatta nam 53,9 milljón evra á þriðja ársfjórðungi 2008, en hagnaður þess var 37,3 milljónir evra á sama tímabili 2007, sem endurspeglar erfiðar markaðsaðstæður 2008 og umtalsverða virðisrýrnun.

Þriðji ársfjórðungur 2008 var þessu tekjusviði erfiður. Tap tekjusviðsins fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi 2008 var 72,1 milljón evra, en á öðrum ársfjórðungi 2008 var hagnaður þess 14,0 milljónir evra. Hreinar vaxtatekjur héldust. Afkoman nær til virðisrýrnunar á viðskiptalánasafni tekjusviðsins sem nam 66,4 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi. Að auki var virðisrýrnun 205.1 milljónir evra í október 2008, þegar bankinn brást við kerfistengdri áhættu á Íslandi í kjölfar gjaldþrots viðskiptabankanna.

Lánasvið -afkoma

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	32,6	27,6	43,0	5,0	(2,1)	15,2	14,5	14,2	19,1
Hreinar þóknunartekjur	18,1	17,5	14,5	0,6	1,4	7,0	9,1	7,3	7,3
Gengishagnaður	(29,6)	(6,5)	0,3	(23,1)	(2,2)	3,2	(7,5)	(0,9)	(0,3)
Rekstrartekjur	**21,0**	**38,6**	**57,8**	**(17,6)**	**(2,8)**	**25,3**	**16,1**	**20,6**	**26,1**
Rekstrarkostnaður	(11,0)	(10,7)	(11,0)	(0,3)	(2,9)	(3,2)	(4,6)	(5,8)	(3,8)
Virðisrýrnun	(286,9)	(81,8)	(9,5)	(205,1)	(66,4)	(8,0)	(7,4)	(9,0)	(3,4)
Hagnaður (tap) fyrir skatt	**(277,0)**	**(53,9)**	**37,3**	**(223,1)**	**(72,1)**	**14,0**	**4,2**	**5,8**	**18,9**

Markaðsviðskipti

Tap tekjusviðsins á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 nam 18,2 milljónum evra, samanborið við 20,1 milljónar evra hagnaðar fyrir skatta á sama tímabili 2007.

Tap fyrir skatta var 4,3 milljónir evra, sem endurspeglar tap á hreinum vaxtatekjum sem nemur 4,2 milljónum evra og virðisrýrnun sem nemur 5,0 milljónum evra. Þóknunartekjur af verðbréfamiðlun héldust þrátt fyrir óvissu á mörkuðum og uxu um 10,5% á þriðja ársfjórðungi 2008.

Markaðsviðskipti - afkoma

€ m	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	(14,0)	(11,6)	-	(2,4)	(4,2)	(0,7)	(6,7)	(7,7)	(2,3)
Hreinar þóknunartekjur	39,5	24,7	30,5	14,8	8,4	7,6	8,7	6,7	9,9
Gengishagnaður	11,8	1,1	3,5	10,8	3,7	1,1	(3,8)	(9,8)	(2,8)
Aðrar tekjur	0,6	0,3		0,3	0,3	(0,1)	0,1	-	-
Rekstrartekjur	**38,0**	**14,4**	**34,1**	**23,6**	**8,2**	**7,9**	**(1,7)**	**(10,7)**	**4,8**
Rekstrarkostnaður	(30,8)	(27,7)	(19,9)	(3,1)	(7,6)	(9,4)	(10,7)	(16,5)	(7,4)
Virðisrýrnun	(28,7)	(5,0)		(23,7)	(5,0)	0,1	(0,1)	-	-
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	-	-		-	-	(0,1)	0,1	-	-
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**(21,5)**	**(18,2)**	**20,1**	**(3,3)**	**(4,3)**	**(1,5)**	**(12,4)**	**(27,2)**	**(2,6)**

Eigin viðskipti

Tap tekjusviðsins fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 nam 54,2 milljónum evra, samanborið við 116,9 milljóna evra hagnað fyrir skatta á sama tímabili 2007. Á þriðja ársfjórðungi varð jákvæð breyting á árangri þessa tekjusviðs. Bókfærður hagnaður á fjórðungnum var 6,2 milljónir evra.

Eigin viðskipti - afkoma

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	2,5	3,7	(8,5)	(1,2)	2,1	0,1	1,5	1,4	0,7
Hreinar þóknunartekjur	(2,8)	(2,6)	(0,4)	(0,2)	(1,0)	(0,4)	(1,2)	(0,3)	-
Gengishagnaður	(39,7)	(46,8)	130,7	(7,1)	7,0	(41,3)	(12,5)	(33,1)	29,6
Aðrar tekjur	-	-		-	-	-	-	-	-
Rekstrartekjur	**(39,9)**	**(45,7)**	**121,8**	**5,8**	**8,0**	**(41,4)**	**(12,3)**	**(31,9)**	**30,3**
Rekstrarkostnaður	(9,6)	(8,5)	(4,9)	(1,1)	(1,8)	(2,5)	(4,2)	(4,1)	(2,0)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**(49,5)**	**(54,2)**	**116,9**	**4,7**	**6,2**	**(44,0)**	**(16,4)**	**(36,0)**	**28,3**

Eignastýring

Tap tekjusviðsins fyrir skatta var 2,4 milljónir evra á fyrstu níu mánuðum ársins, samanborið við 0,9 milljóna evra hagnað fyrir skatta á sama tímabili 2007. Tap fyrir skatta á þriðja ársfjórðungi 2008 var 0,5 milljónir evra, svipað og á öðrum ársfjórðungi 2008.

Eignastýring - afkoma

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	4,6	4,1	2,6	0,5	1,5	1,3	1,3	2,2	2,0
Hreinar þóknunartekjur	4,8	4,6	3,5	0,2	1,5	2,0	1,4	2,4	2,3
Gengishagnaður	-	-	(7,5)	-	-	-	-	(0,7)	(0,9)
Aðrar tekjur	(0,2)	(0,1)		(0,1)	0,3	(0,4)	-	-	(0,3)
Rekstrartekjur	**9,3**	**8,5**	**5,3**	**0,8**	**2,9**	**2,9**	**2,7**	**4,0**	**3,2**
Rekstrarkostnaður	(12,2)	(11,0)	(4,4)	(1,2)	(3,5)	(3,4)	(4,1)	(1,9)	(2,7)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**(3,0)**	**(2,4)**	**0,9**	**(0,6)**	**(0,5)**	**(0,5)**	**(1,4)**	**2,1**	**0,5**

Fjárfestingasvið

Tap tekjusviðsins fyrir skatta á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 nam 45,8 milljónum evra, þ.e. 51,4 milljóna evra tap á þriðja ársfjórðungi 2008, 12,6 milljóna evra tapi á öðrum ársfjórðungi 2008 og 18,2 milljóna evra hagnaði á fyrsta ársfjórðungi 2008. Tapið á þriðja ársfjórðungi er einkum vegna umtalsverðra niðurfærslna á langtíma stöðum. Þessi þróun hélt áfram þegar hlutabréfamarkaðir féllu áfram í október.

Fjárfestingasvið - afkoma

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	(10,6)	(10,0)	(1,8)	(0,6)	(6,4)	(2,9)	(0,7)	1,1	1,4
Hreinar þóknunartekjur	-	-	-	-	(0,2)	0,2	-	-	(4,1)
Gengishagnaður	(137,5)	(34,7)	(1,3)	(102,8)	(44,4)	(10,3)	20,0	16,2	(47,4)
Aðrar tekjur	0,4	0,3	0,2	0,1	-	0,1	0,2	(0,1)	0,2
Rekstrartekjur	**(147,8)**	**(44,3)**	**(2,9)**	**(103,5)**	**(50,9)**	**(12,9)**	**19,5**	**17,3**	**(50,0)**
Rekstrarkostnaður	(1,5)	(1,5)	(1,0)	-	(0,3)	0,8	(2,0)	0,2	2,7
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga	-	-	-	-	(0,2)	(0,4)	0,6	-	-
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**(149,2)**	**(45,8)**	**(3,9)**	**(107,9)**	**(51,4)**	**(12,6)**	**18,2**	**17,5**	**(47,2)**

Fjárstýring

Hagnaður tekjusviðsins fyrir skatta nam 38,2 milljónum evra á fyrstu níu mánuðum ársins 2008, samanborið við 14,5 milljóna evra tap á sama tímabili 2007.

Tapið á þriðja ársfjórðungi 2008 nam 5,4 milljónum evra, samanborið við 23,6 milljóna evra hagnað á öðrum ársfjórðungi 2008. Munurinn tengist gengistapi sem nemur 29,2 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi 2008, en á öðrum ársfjórðungi 2008 var gengishagnaður. Bankinn hefur þann hátt á að færa á tekjusviðin ávöxtun á frjálsa fjárbindingu (e. economic capital) sem er nýtt á þeirra vegum. Hreinar vaxtatekjur fjárstýringasviðs endurspegla á því fjármagni bankans sem er ekki nýtt. Tapið er einkum vegna erfiðra aðstæðna fyrir áhættuvarnir á þriðja ársfjórðungi 2008. Óreglulegur gjaldeyrishagnaður sem bókfærður er í október 2008 er skráður á fjárstýringarsvið.

Fjárstýring - afkoma

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	9M 2007	Okt. 2008	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Hreinar vaxtatekjur	51,3	50,2	12,2	1,1	24,6	14,7	10,9	12,5	1,0
Hreinar þóknunartekjur	(10,0)	(1,0)	(1,4)	(9,0)	(0,2)	(0,5)	(0,3)	(0,2)	(0,4)
Gengishagnaður	177,4	(4,8)	(14,1)	182,2	(29,2)	11,9	12,5	19,4	2,9
Aðrar tekjur	0,3	0,3	-	-	0,1	0,2	-	-	-
Rekstrartekjur	**219,1**	**44,6**	**(3,3)**	**174,5**	**(4,8)**	**26,3**	**23,1**	**31,6**	**3,5**
Rekstrarkostnaður	(7,2)	(6,5)	(11,2)	(0,7)	(0,7)	(2,7)	(3,1)	(0,5)	(3,4)
Virðisrýrnun	(15,7)			(15,7)					
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**196,2**	**38,2**	**(14,5)**	**158,0**	**(5,4)**	**23,6**	**20,0**	**32,1**	**0,1**

Fjögurra ára yfirlit

Milljónir evra	10M 2008	9M 2008	2007	2006	2005
Rekstrarreikningur					
Hreinar vaxtatekjur	64,6	61,9	68,8	42,5	(3,2)
Hreinar þóknunartekjur	91,8	83,2	131,3	84,4	25,0
Gengishagnaður	(32,5)	(98,8)	111,4	392,3	411,6
Aðrar tekjur	4,9	4,1	18,5	9,4	-
Rekstrartekjur	**128,8**	**50,4**	**330,0**	**528,6**	**433,5**
Rekstrarkostnaður	(101,8)	(92,7)	(118,9)	(44,1)	(16,7)
Virðisrýrnun	(366,8)	(122,3)	(20,2)	(11,8)	(4,9)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	**(339,8)**	**(164,6)**	**190,9**	**472,7**	**411,9**
Tekjuskattur (kostnaður)	64,5	39,9	(28,0)	42,7	(69,9)
Hagnaður (tap))	**(275,3)**	**(124,7)**	**162,9**	**515,4**	**341,9**
Hagnaður hluthafa	(281,7)	(130,7)	158,3	511,6	340,6
Hlutdeild minnihluta	6,4	6,0	4,7	3,8	1,3
Efnahagsreikningur					
Eignir					
Veltufjáreignir	167,0	252,8	1,056,4	945,2	1,234,7
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	686,3	1,020,3	923,9	644,7	1,175,9
Útlán og handbært fé	2,170,2	2,435,1	3,838,5	2,046,2	803,1
Aðrar eignir	1,397,9	1,536,1	1,318,1	721,6	258,1
Eignir samtals	**4,421,9**	**5,244,2**	**7,136,9**	**4,357,8**	**3,471,8**
Skuldir og eigið fé					
Innlán	730,1	832,0	1,268,3	-	-
Lántaka	1,832,8	2,394,0	3,778,5	2,572,8	1,628,6
Aðrar skuldir	685,9	672,6	521,6	291,0	305,5
Eigið fé	1,173,2	1,345,7	1,568,5	1,494,0	1,537,7
Skuldir og eigið fé samtals	**4,421,9**	**5,244,2**	**7,136,9**	**4,357,8**	**3,471,8**

Helstu kennitölur

	10M 2008	9M 2008	2007	2006	2005
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli (%)	(21,1)	(10,6)	11,3	42,0	46,5
Hagnaður á hlut (evrur)	(0,028)	(0,013)	0,017	0,051	0,045
V/H hlutfall (P/E)	(2,077)	(5,66)	10,3	3,9	4,6
V/I hlutfall (P/B)	0,309	0,404	1,02	1,18	1,42
Kostnaðarhlutfall %	N/A	N/A	36,0	8,3	3,9
Fjöldi starfsmanna í lok tímabils	596	510	486	109	52
Gengi hlutabréfa í lok tímabils	7,08	8,35	15,1	17,4	15,9
Eiginfjárhlutfall (CAD) %	17,6	22,5	23,7	37,6	19,8
Eiginfjárþáttur A %	15,6	20,3	21,4	35,2	15,3
Vöxtur lánasafns %	17,1	0,4*	78,4	161,3	93,0
Útlán/Eignir %	34,4	35,1	33,8	31,0	18,9
Framlag á afskriftareikning %	15,6	4,34	1,25	1,18	-
Gengi					
ISK/EUR fyrir hagnað/tap; meðalgengi tímabilsins	117,33	114,22	87,79	87,72	78,14
te ISK/€ fyrir efnahagsreikning; gengi í lok tímabilsins	184,8	149,06	91,91	94,61	74,70

* Vexti lánasafns var breytt fyrir Alpstar. Bankinn skipti upp fyrirtækjalánasjóðnum Alpstar á fyrsta ársfjórðungi 2008 þegar eignarhlutur í dótturfyrirtækinu fór undir 50,0%. Þetta hafði í för með sér að lánasafnið lækkaði um 576 milljónir evra.

Horfur

Óvissa er enn mikil á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og meiri erfiðleikar blasa við lykilmörkuðum en nokkru sinni fyrr. Straumur er staðráðinn í að standa þetta ástand af sér, eftir að hafa dregið úr áhættu efnahagsreikningsins og varðveitt fjárhagslegan styrk sinn.

Á fjórða ársfjórðungi 2008 verður haldið áfram að draga úr efnahagsreikningnum, viðhalda fjárhagslegum styrk, tryggja lausafjárstöðu og móta starfsemi okkar fyrir tækifæri framtíðarinnar. Þetta verður gert með því að halda áfram að efla tekjusviðin og auka samruna innan samstæðunnar, nýta tækifærin til aukningar á viðskiptum á öllum starfssvæðum, áframhaldandi þróun á nýjum viðskiptatækifærum og ströngu kostnaðaraðhaldi.

Fjármögnun og lausafjárstaða

Lausafjárstaða Straums-Burðaráss fjárfestingabanka og samstæðunnar hefur orðið fyrir áhrifum af erfiðum markaðsaðstæðum, vegna aðseturs síns á Íslandi, frá byrjun október 2008.
Bankinn vinnur að endurfjármögnun sambankaláns síns með gjalddaga í árslok. Tryggingu fjármögnunar er ekki lokið, en er komin langt áleiðis. Ásamt hagnaði af lítilsháttar sölu eignar ætti þetta að tryggja umtalsverða lausafjárstöðu bankans.

Lánshæfismat

Fitch Ratings lækkaði lánshæfiseinkunn Straums 5. nóvember, 2008. Langtímaeinkunn B, skammtímaeinkunn B, óháð einkunn D/E, stuðningseinkunn 5, horfur neikvæðar.

Aðrar upplýsingar

Endurskoðun

Árshlutareikningur fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008 hefur verið áritaður af endurskoðendum bankans, KPMG Endurskoðun hf.

Starfsmenn

Starfsmenn samstæðunnar í lok október 2008 voru 596.

Upplýsingagjöf

Straumur fjárfestingabanki kappkostar að veita markaðsaðilum áreiðanlegar, réttar og viðeigandi upplýsingar, á fréttaveitu OMX Nordic Exchange á Íslandi, á vef bankans, í fjölmiðlum og í samskiptum við hluthafa, fjárfesta og greiningaraðila bæði á Íslandi og erlendis. Markmið bankans er að tryggja öllum, sem hagsmuna eiga að gæta, aðgang að skýrum og réttum upplýsingum um starfsemi sína og verkefni.

Uppgjörskynning í Reykjavík

Kynningarfundur verður haldinn fyrir hluthafa og markaðsaðila miðvikudaginn 26. nóvember 2008 á Hilton Reykjavík Nordica að Suðurlandsbraut 2. Forstjóri og fjármálastjóri Straums fjárfestingabanka kynna afkomu bankans og svara spurningum. Kynningin verður á ensku. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vef bankans, www.straumur.com/webcast. Eftir fundinn verður hægt að nálgast kynningarefni á vef Straums, www.straumur.com, og á vef OMX Nordic Exchange á Íslandi, www.omxnordicexchange.is.

Fundurinn hefst stundvíslega kl 09:00.

Dagskrá:
09:00 William Fall forstjóri and Stephen Jack fjármálastjóri kynna afkomu bankans og svara spurningum
10:00 Fundarlok

Fundarstjóri: Georg Andersen, forstöðumaður Samskipta- og markaðssviðs.

Nánari upplýsingar

Þeim sem óska eftir nánari upplýsingum um niðurstöður uppgjörsins er bent á að hafa samband við Stephen Jack fjármálastjóra í síma +44 7885 997570 eða Georg Andersen forstöðumann Samskipta- og markaðssviðs í síma 585 6707, eða senda fyrirspurn á netfangið ir@straumur.com. Upplýsingar um Straum er einnig að finna á vef bankans, http://www.straumur.com.

Fyrirhuguð birting næstu afkomuskýrslu

Fjárhagsdagatalið fyrir 2008 er eftirfarandi:

Fjórði ársfjórðungur:	3. febrúar 2009